

1. Grein

Nafn félagsins er “Bogveiðifélag Íslands” og hér eftir talað um sem ”félagið”

2. Grein

Lögheimili Bogveiðifélag Íslands er Laugatún 3 og Varnarþing 550 Sauðárkrókur, Ísland. Skal það fylgja formanni hverju sinni.

3. Grein

1. Vera landsamtök fyrir bogveiðifólk, bogfímifólk og bogaeigenda almennt, og sameina fólk sem hefur áhuga á bogveiði og bogfimi og standa vörð um þeirra hagsmuni.
2. Stuðla að almennri bogaeign á boga og ör óháð gerð.
3. Kynna Vallar og 3D bogfimi með skipulögðum keppnum og æfingum.
4. Kynna bogveiði með fundum og námskeiðum.
5. Vinna með yfirvöldum að friðun og veiðum á villtum dýrum og að lögleiða Bogveiðar

4. Grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að:

1. Gefa út ítarefni og halda fólki almennt upplýstu um málefni sem snerta, bogveiði, bogfimi og bogaeign.
2. Skipuleggja innlendar keppnir í Vallar, 3D og öðrum bogfimigreinum samkvæmt reglum og lögum.
3. Styðja við þekkingu og æfingar á meðal félagsmanna almennt og kynna sportið í öðrum félögum.
4. Stuðla að samstarfi á milli innlendra og erlendra félaga eða samtaka á málum sem snerta bogfimi og/eða bogveiði
5. Stuðla að samstarfi á milli bogveiðifólks, bogaeigenda og annarra félaga og yfirvalda um setningu laga og reglugerða á lögum sem snerta þennan hóp.
6. Halda reglulega bogfiminámskeið.
7. Halda bogveiðinámskeið sem eru viðukennd samkvæmt IBEP staðli þegar hægt er.
8. Stuðla að félagsmenn æfi bogfimi í sem víðasta formi.
9. Styðja við uppbyggingu á svæðum til keppni, æfinga og námskeiðahalds.
10. Geta orðið aðili að innlendu eða erlendu félagi sem hefur bogfimi eða/og bogveiði á stefnuskrá sinni.

5. Grein

Félagið heldur úti heimasíðum með sitthvoru logoi sem sýnir skýrt tilgang félagsins: eitt logo fyrir bogveiði og annað fyrir bogfimi (3D og Vallar bogfimi og bogfimi almennt. sem og starfrækt verður deild innanfélagsins sem mun sjá um allt sem snýr íþróttaparti félagsins með keppnir, og nefnist hún Vallar -3D Bogfimi Íslandi. (Field 3D Archery Iceland.)

6. Grein

Félagið er fjármagnað með félagsgjöldum, keppnisgjöldum, auglýsingum og öðrum frjálsum framlögum.

7. Grein

Félagi getur hver sá orðið sem er sjálfráða einstaklingur og játast undir lög og starfsreglur félagsins. Fullgildur félagi telst sá er hefur greitt félagsgjaldið fyrir 1. mars það starfsár og hefur ekki verið strikaður út úr félagaskrá.

Heimilt er að veita auka aðild að félaginu einstaklingi sem ekki er lögráða með samþykki forráðamanna.

Hvaða sport/bogfímifélag sem er getur orðið aðili að félaginu og þar með haldið keppnir fyrir hönd félagsins og með skriflegu samþykki í hvert sinn.

8. Grein

Félagsmaður getur ekki borið ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram greitt félagsgjald.

Félagsmaður á ekki tilkall til hluta af eignum félagsins þótt hann hverfi úr félaginu eða félaginu verði slitið.

9. Grein

Stjórn félagsins skipa 5 menn sem kjósa skal á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum, auk þess skal kjósa tvo í varastjórn og tvo skoðunarmenn. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda og sér formaður um daglega umsjón. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að annast afmörkuð verkefni.

10. Grein

Formaður eða stjórnarmenn boða stjórnarfundum þegar þurfa þykir. Stjórnarfundur telst löglegur ef allir stjórnarmenn eru boðaðir almennt með 4 daga fyrirvara., a.m.k. þrjú menn sitji fundinn. Heimilt er að stjórnarfundur fari fram með rafrænum hætti.

11. Grein

Aðalfundur er ædsta vald í málefnum félagsins og skal að öllu jöfnu haldinn eigi síðar en í mars ár hvert. Atkvæðisrétt á fundum félagsins hafa allir félagsmenn sem eru skuldlausir við félagið það starfsár. Stjórn skal boða til aðalfundar eigi síðar en 15 dögum fyrir uppgefinn fundartíma og skal að lágmarki birta auglýsingu á vefsíðu félagsins.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar

5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

Heimilt er að aðalfundur fari fram með rafrænum hætti. Félög og stuðningsaðilar hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundum

Til almennra félagsfunda skal boða þegar stjórn þykir ástæða til eða átta félagsmenn senda skriflega beiðni þar um og tilgreina fundarefni, skal boða fund innan 15 daga.

12. Grein

Félagsgjald er ákveðið kr 3000- á stofnfundi, eftir það á aðalfundi félagsins og skal það eigi taka gildi fyrr en á næsta starfsári.

Óski stjórn eftir heimild til upptöku inngöngugjalda fyrir nýja féлага skal það borið undir aðalfund sem skal greiða um það atkvæði og telst samþykkt fengin með einföldum meirihluta kosningabærra fundarmanna.

Félagsgjald fyrir félög skal ákveðið af stjórn með samkomulagi við hlutaðeigandi.

13. Grein

Hafi félagismaður ekki greitt félagsgjöld sín vegna fyrri tveggja starfsára er stjórn heimilt að strika hann út úr félagaskrá. Óski hann síðar eftir inngöngu telst hann nýr félagismaður.

14. Grein

Verði hagnaður af starfsemi félagsins skal honum varið til þágu markmiða félagsins

15. Grein

Ákvörðun um slit félags skal tekin á aðalfundi með a.m.k. 2/3 hluta atkvæða félagsmanna og skal eignum félagsins að uppgerðum skuldbindingum þess ráðstafað af stjórn.

16. Grein

Tillögur til lagabreytinga skal afhenda stjórn félagsins og skulu þær birtar af stjórn með fundarboði til aðalfundar.

17. Grein

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins, þann 13.11.2010 og öðlast þegar gildi.

Lögum breytt á aðalfundi 26.02.2014.

